

Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara um meint brot á ákvæði 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og möguleg brot á 76. gr. og 95. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fjármálaeftirlitið vísaði þann 15. júlí 2009 til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara, tveimur málum vegna meintra brota á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og mögulegra brota á 76. gr. og 95. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í málum þeim sem um ræðir ákvað annars vegar stjórn fjármálafyrirtækis að fella niður ábyrgðir starfsmanna sinna vegna lána sem tekin voru vegna kaupa á hlutabréfum í fyrirtækinu sjálfu og hins vegar keypti félag kröfur fjármálafyrirtækis vegna lánveitinga til starfsmanna umrædds félags til kaupa á hlutabréfum útgefnum af félaginu sjálfu.

122. gr. laga nr. 108/2007 fjallar um upplýsingaskyldu útgefenda. Þar segir að útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), beri að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru.

76. gr. laga nr. 2/1995 kveður á um að félagsstjórn, framkvæmdastjóra og öðrum þeim er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins megi ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

95. gr. sömu laga kveður á um að hluthafafundur megi ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

2. mgr. 29. gr. laga nr. 161/2002 kveður á um að ef fjármálafyrirtæki veiti í tengslum við hlutafjárútboð lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum fyrir hærri fjárhæð en 5% af nafnverði heildarhlutafjár eða stofnfjár fyrirtækis skulu settar traustar tryggingar sem eru umfram framangreint hlutfall.

Í 249. gr. laga nr. 19/1940 er kveðið á um að ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þvingja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, í allt að 6 ára fangelsi.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.